

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir eftirfarandi störf:

## **Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Þorlákshöfn**

Leitað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Um er að ræða 100% starf.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Innkaup fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Gerð áætlana fyrir heimilið s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Fjármál og eftirlit með þeim
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning sameinuðu þjóðanna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfari eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum æskileg.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum.

## **Þroskaþjálfari á heimili fatlaðs fólks – Þorlákshöfn**

Óskað er eftir þroskaþjálfara til starfa á heimili fatlaðs fólks. Starfið felst í persónulegum stuðningi og þátttöku í faglegu starfi á heimilinu. Um er að ræða allt að 100% starfshutfall í vaktavinnu og er starfið laust nú þegar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann
- Einstaklingsmiðuður stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi, jafnt innan sem utan heimilis.
- Samvinna við starfsfólk, aðstandendur og aðra þjónustuaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar.
- Reynsla og þekking á starfi með fötluðu fólki nauðsynleg.



- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og jákvæðni í starfi.
- Starfið getur verið andlega og líkamlega krefjandi.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar af Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sími: 483-4000, netfang [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)

Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is). Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.

Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 27. júní 2018.